

VETTVANGSNÁM

E-316-VETT



Ár: 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Valnámskeið.

Undanfarar: 2. ár í BSc-námi í sálfræði.

Skipulag: Námskeið á vettvangi og reglulegir fundir.

Kennari: Birna Baldursdóttir.

Lýsing: Í þessu námskeiði fá nemendur tækifæri til að stunda nám á vettvangi á sviðum sem tengjast einu eða fleiri námskeiðum í BSc-náminu í sálfræði. Þetta vettvangsnám er frábrugðið hefðbundnu verknámi að því leyti að í stað þess að nemandi hljóti formlega þjálfun á ákveðnum fagsviðum, eins og t.d. fer fram í klínísku sálfræðinámi á meistarastigi, er vettvangsnámið hugsað sem kennsluaðferð sem felur í sér að nemendur taki þátt í námi úti í samfélaginu með það fyrir augum að öðlast aukna samfélagslega ábyrgð og kunnáttu, samtímis því sem samfélagið fær að njóta starfskrafta nemenda við ýmis þörf verkefni. Vettvangsnámið fer fram á fjölbreyttum sviðum innan fyrirtækja og stofnana svo sem meðal barna, ungmenna, eldri borgara, fólks með sérþarfir og ýmissa minnihlutahópa. Nemendur njóta leiðsagnar, bæði fagfólks á vettvangi sem og kennara námskeiðsins. Umsjónarmaður velur úr umsóknum í samvinnu við stofnanir eða fyrirtæki sem samþykkt hafa að taka nemanda í vettvangsnám.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Tengt verkefni á vettvangi við bóklegar námsgreinar og kenningar í sálfræði.
- Lýst hvernig nám og vinnuframlag á vettvangi getur gagnast samfélaginu.
- Útskýrt samfélagslega ábyrgð.

Leikni

- Beitt faglegum vinnubrögðum við úrlausn verkefna á vettvangi.
- Sýnt áhuga og frumkvæði við úrlausn verkefna.
- Lagt mat á vinnuframlag sitt og skrifa skýrslu um vettvangsnámið.
- Kynnt helstu þætti vettvangsnámsins fyrir samnemendum.

Hæfni

- Sett sér markmið og fylgt þeim.
- Unnið undir leiðsögn á vettvangi.
- Tekist á við og leyst raunhæf verkefni á vettvangi.

Námsmat: Starf á vettvangi, skriflegt verkefni og kynningar.

Kennsluaðferðir: Námskeið á vettvangi, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Enska og Íslenska.